

# BRYNED

## Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

1. árg. 3. tbl.

September 1996

### Samkeppni um merki félagsins

Ákveðið hefur verið að framlengja skilafresti í samkeppni um merki félagsins fram að aðalfundi-eða til 29. september. Merkið á að henta sem einkennismerki félagsins, t.d. á bréfsefni. Þá er einnig sett að skilyrði að merkið henti til útskurðar. Dómnefnd mun dæma tillögur og verðlaun verða veitt fyrir bestu 3 tillögurnar.

Tillögum skal skilað til formanns félagsins, Everts Kr. Evertssonar, Smiðjuvegi 28C, P.O.Box 409, 220 Kópavogur.

### Haustsýning 1996

Félagið stefnir að því að halda haustsýningu á smíðamunum félagsmanna í lok nóvember. Markmið sýningarinnar er fyrst og fremst að efla hönnun og fjölbreytni útskorinna sölumuna.

Sýningarmunir verða í þremur flokkum: 1) Hefðbundinn íslenskur útskurður, þar sem áhersla er lögð á nytjamuni sem skornir eru með hefðbundnum íslenskum útskurði. 2) Dýramyndir. Útskornar besta í katólskum kirkjulistar-lágmyndir og höggmyndir af útskurði og húsgagnaútskurði. 3) Annað. Í þessum flokki verða þeir útskornu munir sem falla undir hvorugan fyrrnefnda flokkinn.

Markmið haustsýningarinnar er að efla þróun í íslenskum tréskurði með áherslu á að kynna nýjungar í hönnun og tækni. Þá verður einnig sérstaklega hugað að þeim þætti útskurðar sem snýr að markaðsvörum og þróun þeirra.

Haustsýningin verður nánar auglýst síðar.

### Dagskrá félagsins:

29. sept.

Aðalfundur félagsins á Hótel Scandia

(Loftleiðum) KL. 14:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Skilafrestur fyrir samkeppni um merki félagsins.

Október

Skoðunarferð félagsins á útskurði í

miðbæ Reykjavíkur

Haustsýning félagsins

Skoðunarferð til Amsterdam

Lok nóv.  
Desember

Síðustu liðirnir verða nánar auglýstir síðar

### Ferð til Amsterdam

Stjórn félagsins hefur fengið mjög hagstætt tilboð í þriggja daga ferð til Amsterdam í byrjun desember (verð um 29 þús. með gistingu).

Dvalið verður á Radison-SAS hotelinu í miðbæ Amsterdam sem jafnframt er aðal verslunarhverfi borgarinnar. Þaðan er stutt að fara til að sjá útskurð á heimsmælikvarða í kirkjum og söfnum borgarinnar. Í Amsterdam gefur að líta allt það

og járnum til útskurðar.

Ferðin verður nánar auglýst síðar.

### Vorsýning 1996

Fyrsta sýning félagsins fór fram í húskynnum Íspan í Kópavogi 15-16. júní. Sýndir voru á annað hundrað gripir eftir 25 félagsmenn. Sýningargripir báru vott um mikla breidd í útskurði í dag, bæði hvað varðar tækni, stíl og útfærslu. Þá er leikni félagsmanna og þroski misjafn. Hátt á fjórða hundrað manns sóttu sýninguna og fór aðsókn fram úr björtstu vonum sýningarnefndar. Mikilvæg reynsla aflaðist á þessari fyrstu sýningu félagsins. Til dæmis er ljóst að sýningar félagsins verða að standa lengur en two daga.

### Aðalfundur

Aðalfundur *Félags áhugamanna um tréskurð* verður haldinn á Hótel Scandia (Loftleiðum) sunnudaginn 29. september kl 14:00. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin



EFNAGERÐ LAUGARNESS  
Smiðjuvegi 28C · P.O. Box 409  
202 Kópavogur  
Sími 567 0150 · Fax 567 0185

Úrval af járnum  
komið á lager

## BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

**BRÝNIÐ - Fréttablað Áhugamanna um Tréskurð**  
Pósthólf 409, 202 Kópavogur  
Ábyrgðarmaður:  
Evert Kr. Evertsson  
Ritstjóri:  
Halldór Kr. Júlíusson

### Viðarmiðlun

Félagsmenn! Munið Viðarmiðlunina sem rekin er á vegum Skógræktar Ríkisins í Suðurhlíðum 38 í Reykjavík. Þar eru á boðstórum yfir 35 íslenskar viðartegundir. Sími: 554-3800.

### Útskurðarhópar

Félagsmenn eru hvattir til að skipuleggja starf sitt í útskurðarhópum. Með þeim er átt við hópa fólks sem hittist reglulega, t.d. vikulega eða mánaðarlega, til að skera út, ræða sameiginleg áhugamál og læra hvert af öðru.

Miðbæjarhópurinn í Reykjavík hittist í veturnar á miðvikudagskvöldum kl. 20 á Laufásvegi 2. Upplýsingar veitir Halldór, s. 551-4827.

Annar hópur hittist árdegis á laugardögum á Laugavegi 100. Upplýsingar veitir Örn í síma 551-2517.


### Útskurður í Canada

Undirritaður var á ferð um Canada ásamt fleirum í júní s.l. Tækifærið var notað til að kynna sér tréskurð hjá frændum okkar Vestur-Íslendingum. Matthías Andrésson hafði látið mig hafa síma og heimilisfang hjá Einari Vigfússyni, Aarborg Manitoba og kvatt mig til að hafa samband við hann sem ég og gerði. Einar fæst aðallega við skurð á fuglum. Það var auðsótt mál að fá að sjá verk hans og tóku hann og kona hans Rósalind sem er af íslenskum ættum vel á móti okkur.

Að skoða fuglana hjá Einari var nánast eins og að skoða lifandi fugla svo eðlilegir eru þeir. Ósjálfrátt varaði maður sig á að fara ekki of nálægt og hafði á tilfinningunni að þeir tækju flugið þá og þegar. Sérgein Einars eru endur. Fyrst er fuglinn skorinn út. Þá eru brenndar fjaðrir. Að lokum er fuglinn málaður. Þessir tveir síðustu þættir eru listgreinar út af fyrir sig. Einar er líklega einn af þeim færstu í þessari grein tréskurðar og hefur unnið til verðlauna og viðurkenninga á sýningum víða um Bandaríkin og Canada.

Fleiri tréskurðarmenn hitti ég í ferðinni sem var hin fróðlegasta. Myndir úr ferðinni munu liggja frammi á aðalfundinum.

Evert Kr. Evertsson



Jasspianistinn eftir Ian Norbury

### Heldur Ian Norbury námskeið á Íslandi?

Einn félagsmanna okkar, Jón Adolf Steinólfsson, er nýfarinn til náms hjá einum fremsta tréskurðarmeistara heims, Englendingnum Ian Norbury. Til tals hefur komið að Ian komi til Íslands, t.d. næsta haust, á vegum félagsins og haldi námskeið í tréskurði. Reikna má með að þriggja daga námskeið kosti kr. 20-30 þúsund. Þeir sem áhuga hafa á slíku námskeiði eru beðnir að hafa samband við stjórn félagsins.

## BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

Innritað til  
póstflutnings

Sigurjón Gunnarsson,  
Espigerði 2,

108 REYKJAVÍK-8

1. árg. 3. tbl.

**BRÝNIÐ - Fréttablað Félags  
Áhugamanna um Tréskurð**  
Pósthólf 409, 202 Kópavogur